

Sp.

96. Tillaga til þingsályktunar

[88. mál]

um landmælingastjórn ríkisins.

Flm.: Ólafur G. Einarsson, Ellert B. Schram.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta semja frumvarp til laga um landmælingastjórn ríkisins.

Til þess að semja frumvarpið skal ríkisstjórnin skipa nefnd fimm manna. Skal einn tilnefndur af Rannsóknaráði ríkisins, einn af Dómarafélagi Íslands, einn af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og einn af Verkfræðingafélagi Íslands. Formaður nefndarinnar skal skipaður án tilnefningar.

Með samningu frumvarpsins skal m. a. að því stefnt, að undir landmælingastjórn heyri stjórnun þríhyrningamælinga á Íslandi og hæðarmerkjakerfisins, kortamælingar og kortaútgáfa ríkisstofnana, lóða-, landa- og jarðamarkamælingar.

Nefndin hraði svo störfum, að frumvarp um þetta efni verði lagt fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Samhljóða tillaga var flutt haustið 1973. Henni fylgdi þá svo hljóðandi greinargerð:

Tilgangurinn með flutningi þessarar tillögu er að fá fram vilja Alþingis til þess, að samræmdar verði aðgerðir þeirra aðila á vegum ríkisins, sem fást við landmælingar, þannig að sem best nýlist það fé, sem lagt er fram, og sem viðtækust not verði af gerðum mælingum.

Í dag fara þríhyrningamælingar og kerfisbundnar hæðarmælingar fram á vegum 5 ríkisstofnana. Þær eru: Landmælingar Íslands, Landsvirkjun, Orkustofnun, Skipulag ríkisins og Vegagerð ríkisins. Auk þess Sjósmælingar Íslands að einhverju leyti.

Engin lög eða reglur eru til um það, hvernig framkvæma eigi þessar mælingar, svo að þær komi að sem viðtækustum notum og geti fengið almennt og viðurkennt gildi. Þegar af þeirri ástæðu ætti nauðsyn lagasetningar að vera augljós. Með setningu laga um landmælingastjórn ríkisins er þó alls ekki átt við það, að komið skuli á fót stofnun, sem framkvæma eigi þessar mælingar, heldur verði um að ræða stjórn, sem samræmi aðgerðir þessara aðila, svo að fjármunum verði ekki kastað á glæ, heldur fái full nýting af útlögðu fé.

Það sama gildir um kortagerð.

Á ráðstefnu, sem Verkfræðingafélag Íslands hélt 1971 um mælingakerfi á Íslandi, var rækilega bent á nauðsyn á samræmingu kortagerðar og hæðarmælinga. Skulu hér tilfærð nokkur atriði úr greinargerðum, sem lagðar voru fram á nefndri ráðstefnu:

Í greinargerð Vegagerðar ríkisins koma fram óskir um „... að gert verði á næstu árum nægilega gott og þétt hæðarkerfi á eða meðfram helstu umferðarleiðum, þannig, að sú vegagerð, sem framkvæmd verður á þessum aðalleiðum, geti notið góðs af þessu kerfi og að Vegagerð ríkisins þurfi ekki að kosta stórfé til þess að flytja nákvæmt kerfi út um þau svæði, sem byggja þarf á.

Brún þörf virðist einnig vera að samræma öll þau staðbundnu hæðarkerfi, sem í notkun eru.“

Í yfirliti Orkustofnunar segir: „... er það skoðun höfundar þessarar greinargerðar, að fallmælingar eftir endilöngum mælisvæðum og milli mælisvæða eigi að framkvæma sem nákvæmnismælingar. Nákvæmnismælingar væri hægt að endurtaka síðar, að minnsta kosti þá hluta línanna, sem áhugi jarðeðlisfræðinga beinist einkum að. Þetta verkefni er verðugt samvinnu þeirra innlendu stofnana, sem hlut eiga að máli, að ógleymdum þeim erlendu stofnunum, sem leggja fé í rannsóknir af þessu tagi.“

Og í greinargerð frá samtökum íslenskra verktaka segir: „Hæðarkerfi byggðarlagu eru yfirleitt ósamræmd sín á milli, þótt notast megi við þau innan ákveðins svæðis. Þetta ósamræmi veldur vandræðum, strax og leggja þarf vegi með varanlegu yfirborði.“

Og síðar í sömu skýrslu segir svo um undirbúningsmælingar vegna varanlegrar gatnagerðar: „Þessar mælingar eru bæði dýrar og unnar í flýti, þannig að hættara er við skekkjum, auk þess sem svona staðbundin flýtisverk eru oft einskis nýt fyrir aðra en þá, sem að framkvæmdinni standa.“

Ætla má, að þessi tilvitnuðu orð séu sönn lýsing á allt of mörgum verkum á sviði landmælinga á Íslandi: Staðbundin flýtisverk, oft einskis nýt fyrir aðra en þá, sem að framkvæmdinni standa.

Þegar litið er til þeirra miklu fjárhæða, sem árlega fara til landmælinga á Íslandi, má ljóst vera, að raunhæfar úrbætur verður að gera.

Miðað við árið 1973 má ætla, að varið sé a. m. k. 160 milljónum króna til þessara mála af ríkisstofnunum, sveitarfélögum og verktökum.

En þótt veigamikil sé, að fjármagnið nýtist sem best, er ekki síður mikilvægt, að mælingar nái tilætlunum árangri, séu rétt gerðar og samræmdar, hafi lagalegt

gildi og hægt sé að setja landa- eða jarðamörk á kort eða út í landið án mikillar fyrirhafnar.

Lög um landamerki o. fl. eru frá árinu 1919, og frá 1914 eru lög um mælingu og skrásetningu lóða og landa í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur. Þessi lög um mælingu lóða og landa í Reykjavík (og tilsvareandi lög fyrir Akureyri) gera ráð fyrir lóðalýsingum á sama hátt og lýsingar landa- eða jarðamarka. Þessar lýsingar hafa fyrir löngu verið lagðar á hilluna, en í staðinn gerðir lóðauppdrættir. Svo er á öllum — eða flestum — þétthýlisstöðum, þótt engin lög séu til um gerð slíkra uppdráttar. Þessir lóðauppdrættir eru bundnir inn í veðmálabækur, þegar eignarheimildum er þinglýst, þótt engin lög séu til um réttarstöðuna.

Lóða- og landamælingar verður að gera með nákvæmum þríhyrningamælingum í nothæftri vörpun. Aðeins á þann hátt er hægt að varðveita landa- og jarðamörk í framtíðinni. Þá er það og ljóst, að ef við eigum að hafa full not af tölvutækni, verður að mæla öll lóða- og jarðamörk, bæði í þéttbýli og strjálbýli, í þríhyrningakerfi landsins.

Í dag er ekki ljóst, hvaða kortaútgáfu Íslendingar eru að reyna að mæla fyrir eða hvort þær kortaútgáfur eru þær hentugustu fyrir sem flesta aðila, hvort halda eigi áfram kortaútgáfu Dana eða taka eigi upp nýja útgáfu.

Með vísun til framanritaðs er það skoðun flutningsmanna, að nauðsynlegt sé að setja lög um landmælingastjórn. Með því má ætla, að unnt verði að samræma aðgerðir þannig, að ríkisstofnanir, sveitarfélög og verktakar vinni að sama markmiði og sem mest hagkvæmni náist fyrir útlagt fé.